

Skaftárhreppur

# Í faðmi elds og ísa

# Landstórt sveitarfélag-fátt fólk

## Íbúafjöldi I



# Pínulítil samfélög bera líka ábyrgð

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru lögð til grundvallar við gerð stefnumótunar Skaftárhrepps
- Hreppurinn er líka hluti af heiminum
- Sömu verkefni í litlum samfélögum og þeim sem stærri eru

Anna Lilja Þórisdóttir
annalilja@mbl.is

„Ef Sameinuðu þjóðirnar setja markmið fyrir heiminn, þá hljóta þau að eiga við um Skaftárhrepp. Því hann er líka hluti af heiminum og við stöndum frammi fyrir nákvæmlega sömu verkefnum og heimsbyggðin."

Þetta segir Eva Björk Harðardóttir, oddviti Skaftárhrepps, en þar fer nú fram vinna við mótun stefnu og aðalskipulags í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Það er líklega í fyrsta skiptið sem þau markmið eru lögð til grundvallar í slíkri vinnu hér á landi.

Heimsmarkmið SÞ voru sett árið 2015, þau eru flokkur 17 markmiða og 369 undirmarkmiða sem taka til alls heimsins, og ber aðildarríkjum SÞ að ná þeim fyrir 2030. Meðal markmiðanna eru jafnrétti kynjanna, sjálfbærni, ábyrg neysla og framleiðsla, aðgerðir í loftslagsmálum og hreint vatn. Þau markmið sem Skaftárhreppur hyggst leggja áherslu á eru sjálfbærni, náttúruvernd, framleiðni í atvinnulífi með fjölbreyttum tækninýjungum og nýsköpun í ferðaþjónustu. Einnig eru uppi hugmyndir um að koma á fót þekkingarsetri um loftslagsmál í hreppnum.



**Í Skaftárhreppi** Eva Björk Harðardóttir, oddviti Skaftárhrepps, til vinstri og Eva Magnúsdóttir, ráðgjafi hjá Podium, sem leiddi stefnumótunarvinnuna.

Eva Björk segir að þegar ljóst hafi verið að tímabært væri að taka upp stefnumótunaðalskipulag Skaftárhrepps og farið að huga að því hvaða markmið íbúar sveitarfélagsins gætu sameinast um hefði fljótlega komið í ljós að nærtækast væri að horfa á heimsmarkmiðin. Allur gangur hafi verið á því hvernig sveitarstjórnarfólk á svæðinu hafi tekið í hugmyndina þegar hún kom fyrst upp. Sumum hafi fundist markmið SÞ vera helst til fjarlæg og óvíst um hvort þau ættu við, en skipt um skoðun þegar þeir hafi farið að kynna sér málin.

„Einhverjir sögðu að þetta væri svolítið langt frá okkar veruleika, en allir sem komu að þessu voru tilbúnir til að kynna sér þessa hugmynd með opnum huga. Ég get ekki merkt annað en að íbúar og sveitarstjórnarfólk sé almennt áhugasamt og jákvætt."

## Áskoranir í umhverfismálum

Eftir að ákveðið hafði verið að fara þessa leið hófst stefnumótunarvinna sem leidd er af Evu Magnúsdóttur, ráðgjafa hjá Podium. Meðal þess sem til stendur er að halda íbúafundi og koma á fót málefnahópum. Þá verður unnið með sum markmiðanna í nefndum þar sem fjallað verður nánar um útfærslu á þeim.

Spurð hver séu helstu verkefnin sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir og hvernig nýta megi heimsmarkmiðin við lausn þeirra segir Eva Björk að meðal þeirra séu áskoranir í umhverfis- og loftslagsmálum. „Það er gríðarleg áskorun fyrir svona lítið samfélag að reka sig á skilvirkan og ábyrgan hátt. En við erum að fást við sömu vandamál og öll önnur, t.d. varðandi frárennslis- og sorpmál sem eru einn af stærri málaflokkum margra sveitarfélaga og heimsmarkmiðin eru góður leiðarvísir við að leysa þau."

## Minni hentistefna

Eva Björk segist binda vonir við að þessi notkun heimsmarkmiðanna við stefnumótun sveitarfélagsins verði til þess að hún verði skilvirkari. „Ég er viss um að þessi nálgun hjálpar okkur við að verða faglegri og kemur í veg fyrir hentistefnu hverju sinni. Ég tel líka að stefnan verði meira til langtíma og að markmiðin verði góður leiðarvísir. Þó að við séum pínulítið samfélag, þá berum við jafnmikla ábyrgð og allir aðrir í heiminum. Þessi markmið snúast um velferð fólks, sem er helsta verkefni sveitarfélaganna."

### Skaftárhreppur

- Sveitarfélagið Skaftárhreppur varð til árið 1990 við sameiningu fimm hreppa: Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvalla-, Skaftártungu- og Álftavershrepps.
- Í byrjun ársins voru tæplega 600 íbúar skráðir til heimilis í Skaftárhreppi.
- Eini þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu er Kirkjubæjarklaustur.
- Skaftárhreppur nær yfir 7% af Íslandi, en íbúar þar eru eingöngu um 0,16% af íbúafjölda landsins.

## Heimsmarkmiðin sem regnhlíf yfir skipulagsvinnu sveitarfélaganna

- Mikilvægt er að sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar taki höndum saman um að vinna í anda heimsmarkmiðanna þar sem þau eru hjálpartæki við að mæla hvernig þjóðir hlúa að sjálfbærni og hagsæld til framtíðar. Að taka fyrsta skrefið strax er mikilvægt og að mæla árangurinn er nauðsynlegt.



# Sameiginlegt átak sveitarfélaga

- Síðastliðið sumar steig Samband íslenskra sveitarfélaga það gæfuspor að stofna samráðsvettvang sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Vettvangnum er ætlað að greiða fyrir umræðu á vegum sveitarfélaga og samstarfi í loftslagsmálum og sjálfbærri þróun.
- Afurðin er vinnuhópur sem hefur það hlutverk að útbúa verkfærakistu fyrir sveitarfélögin sem vonandi auðveldar þeim innleiðingu.

# Verkefnin okkar

- Skipulagsmál sveitarfélaga
- Sorpmál
- Frárennsli
- Umhverfismál
- Íbúar




# Stefnumótun- Gildin okkar:

- Virðing
- Jákvæðni
- Samstaða
- Sjálfbærni

# Gildi Skaftárhrepps

## VIRÐING

Sýnum einstaklingum og gestum sveitarfélagsins virðingu sem og náttúrunni sem umlykur sveitarfélagið.

## SAMSTAÐA

Sýnum samstöðu og samkennd og byggjum upp sterkt og gott samfélag þar sem allir njóta sín.

## JÁKVÆÐNI

Með jákvæðni að leiðarljósi byggjum við upp samfélag þar sem íbúar og gestir eru ánægðir og líður vel.

## SJÁLFBÆRNI

Við leggjum áherslu á sjálfbæra þróun samfélagsins á öllum sviðum.

# HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun





# Spegill, spegill, herm þú mér:

# Stefnuyfirlit Skaftárhrepps

Framtíðarsýn: Að vera eftirsóknarvert sveitarfélag þar sem heiðarleiki, samheldni, jafnræði, virðing og bjartsýni einkennir öfluga uppbyggingu

## Hlutverk

- Þróun byggðar í sátt við náttúru
- Að styðja við sjálfbæra þróun atvinnulífs
- Tryggja aðgengi að þjónustu
- Að virða lýðræði
- Tryggja innleiðingu heimsmarkmiða

## Markmið

- At tryggja innleiðingu heimsmarkmiða
- Að hafa sjálfbærni að leiðarljósi
- Að vernda náttúruna
- Nýsköpun í sjálfbærni
- Öflugir innviðir

## Lykilverkefni

- Innleiðing heimsmarkmiða
- Aðalskipulag
- Umhverfismál
- Verndun
- Nýsköpun

## Sjálfbærni

Sveitarfélagið ætlar að leggja áherslu á sjálfbæra þróun samfélagsins á öllum sviðum

# Heimsmarkmiðin í heimabyggð

- Heimsmarkmiðin, tökum þau heim.
- Sveitarfélag sem frumkvöðull.
- Ný stefna Skaftárhrepps.
- Ný umhverfisstefna.
- Nýtt aðalskipulag.
- Lýðræði og jafnrétti.

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

# Í hvernig sveitarfélagi viljum við búa?

- Niðurstaðan þarf að sýna hver eru forgangsmálin
- Hver á að vera sérstaða svæðisins?
- Hvernig getum við tengt málaflokkana við heimsmarkmiðin og unnið þá áfram í anda þeirra?
- Mælanleg markmið?
- Raunveruleg markmið – ekki grænþvottur



# Verkefni sem tengjast heimsmarkmiðum

## 9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

Treysta innviði
Tæknimál
Nýsköpun
Afþreying
Nýting vatns
Nýting vinda
Þekkingarsetur

## 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

Tryggja húsnæði
Sjálfbær samgöngutæki
Tryggja náttúruperlur
Ábyrg byggðaþróun
Sjálfbær nýting náttúruauðlinda
Umhverfisstefna
Loftgæði

## 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

Markmið í skipulagi
Endurnýjanleg orkuframleiðsla
Minnka losun
Auka endurvinnslu
Minnka mengun
Hlúa að vistkerfum
Sjálfbær nýting sjávarafurða
Bæta frárennsli

## 3 HEILSA OG VELLÍÐAN

Innflutningur matvæla
Sérfræðiþjónusta
Forvarnarfræðsla
Markmið í umhverfismálum
Fullnaðarframleiðsla

7

V

# NÆSTU SKREF

- 1. Forgangsröðun verkefna - Verkefnahópur um heimsmarkmiðin.
- 2. Tímasetning verkefna - Verkefnahópur um heimsmarkmiðin.
- 3. Samræma aðalskipulag og skýrslu um heimsmarkmið.
- 4. Söfnun á umhverfislegum tölfræðiupplýsingum.
- 5. Sorpmálin í vistferilsgreiningu.
- 6. Kolefnisjöfnun - hvernig? Skógrækt/Votlendi.
- 7. Niðurstöður kynntar á íbúafundi í október.

| | Verkefni | Aðgerð | Mælikvarðar | Ábyrgur | Lok |
|---|---|---|---|---|---|
| 3 HEILSA OG VELLÍÐAN | Innflutningur matvæla | Fræðsla | Hráefnisnotkun úr heimabyggð | Atvinnumálanefnd | |
| | Aukin sérfræðiþjónusta | Skoða rafræna þjónustu | Rafræn þjónusta og kostnaður | Fræðslunefnd | |
| | Efla forvarnarfræðslu | Fræðsla hefst fyrr | Fræðslufundir | Fræðslunefnd | |
| | Markmið í umhverfismálum | Skipulag endurvinnslu bílar, orkunotkun | Endurvinnsla moltugerð, rafbílar | Umhverfisnefnd | |
| | Fullnaðarframleiðsla | Fræðsla um nýsköpun | Fjöldi fræðslufunda, | Atvinnumálanefnd | |
| 9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING | Treysta innviði | Rafmagn, samgöngur | Rafbílar, hleðslustöðvar,vegagerð | Sveitarstjórn | |
| | Tæknimál | Aðgengi að UT og fjarskiptum | Vinna með ríkinu | Umhverfisnefnd | |
| | Nýsköpun f. ferðamenn | Fræðsla og ráðgjöf | Samstarf við klasa | Atvinnumálanefnd | |
| | Hvetja til afþreyingar | Hampa því sem vel er gert | Uppskeruhátíð sveitarfélagsins | Atvinnumálanefnd | |
| | Nýting vatns og vinda til raforkuframleiðslu | Skipulag svæðis | Fjöldi nýrra fyrirtækja/vara | Atvinnumálanefnd | |
| | Þekkingarsetur um loftslagsmál | Koma rekstri í gang | Skipuleggja rekstur | Sveitarstjórn | |
| 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG | Tryggja húsnæði | Húsnæðisáætlun | Lóðaframboð tryggt | Sveitarstjórn | |
| | Sjálfbær samgöngutæki | Rafbílar | Rafbílar, hleðslustöðvar | Sveitarstjórn | |
| | Tryggja náttúruperlur | Samvinna-Katla Geopark/ Vatnajökulsþjóðgarður/landeigendur | DMP áætlun | Umhverfisnefnd | |
| | Ábyrg byggðaþróun | Aðalskipulag með tilliti til KG VÞ og HM | Nýtt aðalskipulag | Skipulagsnefnd | |
| | Sjálfbær nýting náttúruauðlinda | Tryggja náttúruperlur með aðgengi | Sjálfbær náttúruauðlind | Umhverfisnefnd | |
| | Umhverfisstefna, loftgæði | Markmiðasett stefna | Reglur um flokkun og umgengni | Umhverfisnefnd | |
| 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM | Markmið í aðalskipulagi | Landnýting, skógur, samgöngur | Votlendi, skógrækt, umhverfismálum | Skipulagsnefnd | |
| | Endurnýjanleg orkuframleiðsla | Varmadælur/hringrennsli/loftvarmi | Nýta frárennsli, orkunotkun | Umhverfisnefnd | |
| | Minnka losun CO2 | Endurheimt vistkerfa, endurvinnsla, rafbílar | Fjöldi trjáa, x% votlendi, kolefnisjöfnun | Umhverfisnefnd | |
| | Auka endurvinnslu | Minnka sorpmyndun, nytjagámur, molta | X% endurunnið, vefsíða | Umhverfisnefnd | |
| | Minnka mengun | Minnka rusl í sjó, dregið úr plastnotkun | Banna plast, plokka | Umhverfisnefnd | |
| | Grunnvatn | Koma í veg fyrir að óhreinsað skólp komist í grunnvatn eða sjó | Hreinsistöð | Umhverfisnefnd | |
| | Hlúa að vistkerfum | Jökulár renni óhindrað til sjávar, jurtir | Hreinsa strendur | Umhverfisnefnd | |
| | Þekkingarsetur | Nýsköpun og þróun vegna loftslagsbreytinga | Málþing og fundir, störf | Sveitarstjórn | |
| | Sjálfbær nýting sjávarauðlinda | Hvatnig til fyrirtækja að nota íslenskt hráefni | Auka sölu á svæðinu | Umhverfisnefnd | |
| | Bæta frárennslismál | Úttekt | Þrepaskipt frárennsliskerfi | Umhverfisnefnd | |



Margt smátt gerir eitt stórt